

Tillaga að breytingu á 11. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR

Núverandi grein:

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Verði (breytingar í **rauðu** lettri):

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félagsmanna, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Skýring:

Mistök voru gerð við síðustu breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR árið 2022 þegar gr. 12 var felld á brott í heild sinni. Ekki stóð til að dánarbætur vegna barna félagsfólks myndi falla á brott. Því er lagt til að sú málsgrein verði endurvakin í reglugerðinni og verði felld inn í núverandi 11.gr.

